

Drög - Minnisblað til bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar

Efni: Framtíðarsýn í þjónustu við eldra fólk á Akureyri - endurbætur og uppbygging húsnæðis ÖA til næstu ára (til 2035)

Inngangur

Verkefnahópur sem skipaður er fulltrúum Umhverfis og mannvirkjasviðs (Guðríður Friðriksdóttir og Steindór Ívar Ívarsson og ÖA (Halldór S Guðmundsson og Helga G Erlingsdóttir) hefur það hlutverk að; „*þarfagreina viðhalds- og endurbótaverkefni í húsnæði ÖA í Austurbyggð. Í minnisblaðinu er bent á að ráðast þurfi í endurbætur til að heimilin verði í stakk búin til að takast á við fyrirsjáanleg verkefni á næstu árum. Vinnuhópnum verði einnig falið að setja fram tillögur um endurbóta- og viðhaldsáætlun húsnæðisins til næstu ára.*“ (sbr. [3. liður fundargerðar Velferðarráðs 19/4/2017](#)).

Í framhaldi af vinnu verkefnahópsins og til að leggja línur um framhald vinnunnar, fundaði hópurinn þann 26. júní sl. með varaforseta bæjarstjórnar og formanni bæjarráðs. Þar voru kynntar nokkrar af þeim forsendum og tillögum sem raktar eru í eftirfarandi minnisblaði sem undirritaður hefur tekið saman að beiðni formanns bæjarráðs.

Forsendur

Verkefnahópurinn hefur á fundum sínum farið yfir endurbótaþarfir og ýmsa möguleika varðandi endurbætur og eða uppbyggingu á húsnæði ÖA, sem tæki mið af því hvernig eigi að mæta ætlaðri þörf og skipulagi þjónustu við eldra fólk fram til ársins 2035. Við þá vinnu hefur verið horft til eftirfarandi gagna:

- tillögu að 10 ára áætlun fyrir ÖA – 2018-2028 (mál nr. 2018030057)
- [mannfjöldaspá](#) Hagstofu Íslands fyrir 2017-2066
- útreiknað hlutfall íbúa 80 ára og eldri á Akureyri sbr. mannfjöldspána (unnið af ÖA/hsg)
- stefnumiða Velferðarráðuneytisins í málefnum eldra fólks – bæði [félags-](#) og [heilbrigðis](#) mála
- fjármálaáætlun til 2023 og [áform um uppbyggingu hjúkrunarrýma, áskoranir og nýsköpun í öldrunarþjónustu](#) (frétt 25/4/18)
- [Skýrsla stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra](#) til ársins 2015
- fundargerðir verkefnahópsins, nr. 1, 2 og 3

Í 10 ára áætlun ÖA segir m.a. að;

Á landsvísu er almennt notast við sömu stefnumið og legið hafa fyrir í lögum um málefni aldraðra síðan 1982, það er „að aldraðir skuli búa heima eins lengi og kostur er, en eiga kost á stofnanarþjónustu þegar þess gerist þörf“.

Stefnumið stjórnvalda í skýrslu frá 2003-2015 og í heilbrigðisáætlun til 2010 gerði ráð fyrir að 75% þeirra sem eru 80 ára og eldri geti búið heima. Árið 2007 var því markmiði náð og markmiðinu breytt í að 80% þeirra sem eru 80 og eldri geti búið heima. Árið 2016 var birt á heimasíðu velferðarráðuneytisins, tillaga að stefnu sem gerir ráð fyrir að 85% þeirra

Drög - Minnisblað til bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar

sem eru 80 ára og eldri geti búið heima. Sú tillaga er í takt við viðmið Norðurlandanna og þróun þjónustunnar hjá nágrönnum okkar, enda áherslan á „opna þjónustu“ og fjölþætta aðstoð til að búa heima sem lengst. (bls. 2)

Eins hefur verið velt upp hvort ætla megi að fjölga þurfi hjúkrunarrýmum á Akureyri á næstu 10 árum og að við nýtingu og endurskipan rýma innan ÖA þurfi að huga sérstaklega að málefnum hjóna og sambúðarfólks hvort sem annað þeirra eða bæði hafi gilt færni- og heilsumat til búsetu á hjúkrunarheimili. Áherslur og stefnumið stjórnvalda sem fela í sér að 15% þeirra sem eru 80 ára og eldri muni eða geti þurft dvöl á hjúkrunarheimili, benda þó til að ekki sé þörf á fjölgun hjúkrunarrýma á allra næstu árum.

Greining á mannfjölda og mannfjöldaspá Hagstofu Íslands gefur ekki tilefni til að ætla að leggja þurfi áherslu á fjölgun hjúkrunarrýma. Frekar þurfi að styrkja þjónustu til þeirra sem búa heima og þróa og innleiða nýjar aðferðir til að mæta þörfum eldra fólks. Stóra áskorunin á næstu árum mun væntanlega liggja í að nýta velferðartækni, styðja og styrkja hlutverk fjölskyldna og sjálfboðaliða og samtvinna formlegu (opinberu) og óformlegu þjónustuna. Má í þessu sambandi benda á nokkrar skýrslur Norrænu Velferðarmiðstöðvarinnar um mannfjölda, vinnumarkað, valdeflingu, notkun velferðartækni, samhæfingu kerfa og hagræn áhrif samhliða hækkandi aldri og stækkandi hópum eldra fólks.

Á næstu árum verður fjölgun í yngri aldurshópum eldra fólks og til að byrja með ekki mikil í þeim hópi sem eldri er. Það er þess vegna sem það er vafasamt að ætla að þörf vaxi fyrir hjúkrunarrými. Líklegra er að eftirspurn/þarfir notenda og fjárhagur samfélagslegra sjóða, geri kröfu um tilfærslur á fjármunum eða breyttum áherslum sem dragi úr kostnaði og umfangi vegna hjúkrunarrýma, yfir í fyrirbyggjandi og heilsueflandi aðgerðir og stuðning við eldra fólk til að geta búið lengur heima t.d. með dagdvöl og dagþjálfun. Að auki er stór áskorun og óvissa sem felst í að mönnun öldrunarþjónustunnar stefnir í að verða erfiðari, bæði vegna vöntunar á fagmenntuðu starfsfólki og vegna hlutfallslegrar fækkunar vinnandi handa.

Væntanlega mun eftirspurnin eftir hjúkrunarrýmum á Akureyri aukast eftir 2028/2030 sé horft til mannfjöldapróunar, en jafnlílegt er að það gerist ekki ef þannig tækist til að samþætting, samhæfing, samstarf eða sameining félags- og heilbrigðisþátta heimaþjónustu næði fram að ganga eins og lögð var áhersla á í lögum um málefni aldraðra frá 1982 og hefur verið yfirlýst stefnmið ríkis og sveitarfélaga jafn lengi. (bls. 3-4).

Nýlegar upplýsingar sýna að hlutfall eldra fólks sem nýtir sér velferðarþjónustu og/eða þarf dvöl á hjúkrunarheimili í Danmörku fer lækkanandi, en samhliða er vex fjöldi eldra fólks. Árið 2017 var hlutfall 65 ára og eldri á Íslandi 15,1% sem er sama hlutfall og var í Danmörku árið

Drög - Minnisblað til bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar

1997. Gangi mannfjöldspár eftir, verður þetta hlutfall á Íslandi orðið 19,2% árið 2032, sem til samanburðar er það hlutfallið sem var í Danmörku árið 2017. Þessi mismunur gefur tilefni til að líta til reynslu annarra þjóða varðandi þróun á þörfum og þjónustu við eldra fólk.

Því má færa rök fyrir að á næstu árum muni úrræði og þjónusta við eldra fólk á Íslandi þurfa að taka miklum umbreytingum í átt til opinna úrræða, samþættingar í þjónustunni og heildræn nálgun og áherslu á stuðning við þá sem búa heima, en um leið að dregið er úr vægi dýrari úrræða eins og hjúkrunarheimila, eins og gerst hefur í Danmörku. Þessar áherslur má svo einnig lesa úr íslenskum stefnuyfirlýsingum, tillögum vinnuhópa og skjölum um framtíðarsýn í málefnum eldra fólks.

Á Akureyri eru í upphafi árs 2018 alls um 720 íbúar 80 ára og eldri. Þá voru á ÖA 183 rými, 171 hjúkrunarrými og 12 dvalarrými (eru í júlí 2018 172 hjúkrunar- og 10 dvalarrými). Hlutfall hjúkrunar- og dvalarrýma á Akureyri er því rúm 25% en hlutfall hjúkrunarrýma eingöngu (172) reiknast um 24%.


Í ljósi þessara staðreynda má ljóst vera að á Akureyri eins og víðar á Íslandi eru framundan mikil og vaxandi þörf til umbreytinga á skipan og innihaldi þjónustu við eldra fólk. Sú umræða er þó örlítið byrjuð og ljóst að mikilvægt er að yfirvöld heilbrigðis- og félagsmála og ríki og sveitarfélög, boði samstillta sýn.

Fyrir uppbyggingu öldrunarþjónustu á Íslandi og fyrir íslenskt samfélag í heild, skiptir því mjög miklu hvaða áherslur og forsendur verða lagðar varðandi áætlað hlutfall eða þörf fyrir hjúkrunarrými. Sem dæmi, þá þarf á Íslandi 4520 hjúkrunarrými árið 2030 ef notað er 25% hlutfallið af 80+ ára. Þörfin væri 3616 sé reiknað með 20% hlutfalli, 2712 ef reiknað er með 15% hlutfalli (sami fjöldi hjúkrunarrýma og er í dag árið 2018) en væri 2169 ef miðað væri við 12% hlutfallið sem nú virðist raunin í Danmörku. Byggingarkostnaður þeirra 1800 hjúkrunarrýma sem munar á 25% og 15% hlutfallinu, er 66 þús. milljónir kr.(66 milljarðar). Þá er ótalinn rekstrarkostnaðurinn sem er a.m.k. um 11,3 milljónir á ári (daggjald 31000*365) á hvert hjúkrunarrými eða alls um 20 þús. milljónir kr. á ári að reka þessi 1800 rými. Þá er ótalinn og ómetinn sá þáttur hvort hægt verði að fá starfsfólk til að veita þjónustuna.¹

Hinn valkosturinn varðandi stefnumörkun er breyta áherslum og þar með innihaldi þjónustunnar, efla stuðning heima og önnur úrræði eins og dagdvöl ásamt öðrum almennum forvörnum og tæknilegum úrlausnum og fylgja þar áherslum í fyrirliggjandi tillögum og reynslu norrænna þjóða. Til ráðstöfunar væru þá 43- 86 milljarðar í það verk, séu þeir ekki nýttir í rekstur og byggingu hjúkrunarrýma.

¹ Tilefni er til að ítreka að í vinnuskjali að framkvæmdaáætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma er reiknuð þörf á hjúkrunarrýmum miðuð við hlutfallið 17,7% af 80+ ára og 1,7% 67-79 ára (sem reynist 23% af 80+), en jafnframt ítrekað í skjalinu að hafa þurfi fyrirvara um útreikninginn, forsendur og óvissuþætti og bent á mikilvægi fjölbreyttrar þjónustu.

Drög - Minnisblað til bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar



Fyrir Akureyri reiknast sama hlutfall þannig að valið stendur um að árið 2035 verði hér 325(25%), 260(20%), 195(15%) eða 156(12%) hjúkrunnarrými. Í dag eru þau 171 (+10 dvalar) og af þeim eru 66 rými sem þarfnast verulegra endurbóta þar sem þau uppfylla ekki nógildandi viðmið um einkarými, stærðir, aðgengi og tæknilega möguleika s.s. til nýtingu hjálpar- og lyftibúnaðar.

Endurbætur húsnæðis og aðstöðu ÖA er því afar brýnt verkefni svo heimilin verði í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem augljóslega liggja í nánustu framtíð. Þar hefur verkefnahópurinn farið yfir möguleika, styrk og veikleika, þess að lagfæra núverandi húsnæði eða hefja nýbyggingar sbr. fundargerðir verkefnahópsins.

Drög - Minnisblað til bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar

Nýskipan og möguleg framtíðarsýn 2035

Í umræðu og yfirferð tillagna hafa komið fram hugmyndir um möguleika þess að byggja nýtt hjúkrunarheimil í stað endurbóta og leysa þar með líka óþægindin við að hafa íbúa í húsnæðinu samhliða umfangsmiklum endurbótum eða því að loka tímabundið án þess að fyrir liggi önnur úrræði/húsnæði eða að í boði sé sami fjöldi úrræða.

Unnin var samantekt á fjölda rýma í dag og mögulegri samsetningu / breytingu á notkun rýma m.v. árið 2035 og mannfjölda 80 ára og eldri, ef unnið verður að áherslubreytingum í þjónustu við eldra fólk. Sú athugun ásamt athugun á þremur valkostum við endurbætur eða nýbyggingar eru grunnur að þeim hugmyndum og tillögum sem hér eru settar fram.

1. nýbygging 45/50 rýma hjúkrunarheimilis,
2. endurbætur á Víði- og Furuhlíð (V/F) og endurbætur á eldri byggingu Austurhlíða,
3. nýbygging, endurbætur V/F og nýbygging Austurhlíða),

Að loknum þeim breytingum sem hér eru reifaðar, gæti samsetning rýma verið þannig að a.m.k. 150 hjúkrunarrými verði starfrækt og þau uppfylli öll

núgildandi viðmið um stærðir og aðbúnað. Dagdvalarrýmum verði fjölgað verulega og þar innleidd ný úrræði s.s. endurhæfing og [samfélagshjúkrun](#) sem lögð hafa verið drög að í nýlegum viðræðum við Velferðarráðuneytið. Raðhús við ÖA verði nýtt á fjölbreyttari hátt sem dvalarheimili og/eða sem þjónustuíbúðir. Víði og Furuhlíð verði síðan endurbætt og nýtt í takti við upprunalega hönnun sem þjónustuíbúðir og /eða hluti heimilisins nýttur sem heimili fyrir líknandi meðferð og/eða lífslokameðferð. Heildarfjöldi rýma og úrræða á vegum ÖA mun því aukast úr a.m.k. 219 í 239, með þeim fyrirvara að mögulega muni dagdvalarrýmum fjölga enn meira en hér er reiknað með. Þá hefur ekki verið lagt sérstakt mat á mögulegar jákvæðar afleiðingar sem raktar eru í forsendum 10 ára áætlunar sem leiða af breytingum vegna t.d. tækni, bættu heilsufari og heilbrigðisþjónustu, menntun eldra fólks, breyttri fjárhagslegri og félagslegri stöða eldra fólks, nema að því marki að aukin líkindi eru til að hægt sé að vinna að endurskipulagi þjónustu við aldraða á sambærilegum forsendum og á öðrum Norðurlöndum.

	Núverandi samsetning rýma	Árið 2035 Möguleg samsetning
Núverandi rými		
Eini-/Greni-/Aspar-Beyki		
Bygging frá 2006	60	60
Víði-/Furuhlíð	30	0
Tímab. dvöl	17	0
Reyni-/Skógarhlíð	19	0
Lögm.hlíð	45	90
	171	150
Dagdvöl		
Sérhæft	16	21
almenn	20	25
Endurhæfing/burtsorg	0	17
	36	63
Raðhús		
Dvalarheimili	10	6
Leiga/þjónustuíb.	2	6
Víði-/Furuhlíð	0	14
	12	26
Heildarfjöldi rýma:	219	239

Drög - Minnisblað til bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar

Nýbyggingar- og endurbótaverkefni hjá ÖA

Verkefnahópurinn skilgreindi eftirfarandi þrjár megin leiðir.

1. nýbygging 45 rýma hjúkrunarheimilis,
2. endurbætur á V/F og endurbætur á eldri byggingu Austurhlíða,
3. nýbygging, endurbætur V/F og nýbygging Austurhlíða

Samantektin og eftirfarandi yfirlit um valkosti og kostnað, tekur mið af gildandi reglum um kostnaðarhlut ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt henni virðist vera tilefni til að skoða ítarlega hversu heppilegt er að vinna skv. leið 1, nýtt hjúkrunarheimili og síðan nýbygging Austurhlíða og að fram fari endurmat á framtíðarnotkun V/F sem hjúkrunarheimilis. Endurbætur V/F þarf eigi að síður til en þær þarf þá að vinna í samræmi við breytta notkun.

Leið 1 er að líkindum hagstæðust fyrir Akureyrarbæ vegna áætlaðrar hlutdeildar hans í byggingarkostnaði og þeirra möguleika um sjálfsforræði á verkefninu, sem felast í svokallaðri „leiguleið“ við byggingaframkvæmdir. Þá er líka tilefni til að ætla að slíkt leiði til hagstæðari reksturs ÖA vegna breyttra úrræða og breyttra samsetningar úrræða. Sú breyting á þjónustunni gæti t.d. m.v daggjöld í dag, leitt af sér álíka eða lægri rekstrarkostnað en mun gagnast mun fleira fólki /notendum og ört stækkandi markhópi.

	Fjöldi	Kr.pr.hj.rými/fm	Áætl.bygg.kostn	ferm./alls	Leið 1	Leið 2	Leið 3
Bygging hjúkrunarrýma	45	40.000.000	1.800.000.000	65 (28m/wc)			
Hlutur Bæjar	15%		270.000.000		270.000.000		270.000.000
Hlutur Ríkis.	85%		1.530.000.000				
Endurbygging V/F	25	25.000.000	625.000.000				
Hlutur Bæjar	60%		375.000.000		*	375.000.000	375.000.000
Hlutur Ríkis.	40%		150.000.000				
Nýbygging dagbjálfun +	86	500.000	1.290.000.000	2580			
Hlutur Bæjar	80%		1.032.000.000		1.032.000.000	1.032.000.000	1.032.000.000
Hlutur Ríkis.	20%		206.400.000				
			Samtals - hlutdeild bæjar		1.302.000.000	1.407.000.000	1.677.000.000
			Samtals - hutdeild ríkis		1.736.400.000	356.400.000	1.886.400.000

* = endurmeta þarfagreiningu og kostnaðarmat út frá áætl. notkun

Eins og gefur að skilja er hér verið að fjalla um meiriháttar breytingar á húsnæðismálum og framtíðaruppbyggingu ÖA. Viðhaldsverkefni eða úrbætur vegna starfseminnar mun samhliða þurfa til í einhverju magni, en ljóst er að það verða markvissari aðgerðir þegar áætlun eða stefnumörkun liggur fyrir til lengri tíma.

Tækifæri og styrkir FA

Í fjármálaáætlun til 2023 og [áformum um uppbyggingu hjúkrunarrýma, áskoranir og nýsköpun í öldrunarþjónustu](#), stefnumiðum Velferðarráðuneytisins í málefnum eldra fólks – bæði [félags-](#) og [heilbrigðis](#) mála og í [skýrslu stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015](#) er ítrekað rakið mikilvægi þess að huga að nýsköpun í þjónustu við eldra fólk og úrræða sem styðja við að gera eldra fólki kleift að búa heima.

Í [áformum um uppbyggingu hjúkrunarrýma](#) sem er vinnuskjal sem tengist fjármálaáætluninni til 2023, kemur fram að [reiknuð viðbótarþörf](#) fyrir hjúkrunarrými á „*heilbrigðisumdæmi Norðurlands*“ sé 74 ný hjúkrunarrými og tilgreint er að „...*ekki hafi borist sérstök erindi um*

Drög - Minnisblað til bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar

byggingu eða stækkun...“ (bls.11). Þar kemur einnig fram að „...Miðað við reiknaða þörf á upptökusvæði Akureyrar vantar þar um 55-60 ný hjúkrunarrými...“.

Hér er mikilvægt að hafa í huga að forsendur þessara útreikninga taka mið af því sem verið hefur, en í minna mæli mið af breyttum áherslum í þjónustu eða reynslu af þróunarverkefnum sem og fjölmargar rannsóknir, ítrekað hafa sýnt skýra vegvísa um að eldra fólk vilji og geti búið lengur heima. Meginábingingar eru að bæta þarf í fjölbreytni og samhæfingu þjónustu og úrræða við þá sem búa heima. Nýleg [skýrsla sem unnin var af KPMG á vegum Embættis landlæknis](#) sýnir og staðfestir (t.d. bls. 12 og bls. 16) að þjónusta við eldra fólk er miklu mun stofnana-miðaðri og ósamhæfðari, en á hinum Norðurlöndunum.

Í starfsáætlun ÖA og 10 ára áætlun er ýmislegt sem fyrirsjáanlega þarf að ráðast í. Dæmi um slíkt eru breytingar, viðhald og endurbætur húsnæðis og tækjakost s.s. endurnýjun lyftu, endurbætur á síma og bjöllumkerfum, endurbætur á raðhúsaíbúðum, matstofum og þvottaaðstöðu í Eini-, Greni, Aspar- og Beykihlíð, og endurnýjun tækja í aðaleldhúsi. Almennt viðmið er að hægt er að sækja um fjármagn til slíkra verkefna til Framkvæmdasjóðs aldraðra (FA). Þegar umsókn er send inn þarf að gera það áður en framkvæmdir hefjast og upplýsa um mótframlag sveitarfélagsins. Af hálfu ÖA er tilefni til að nýta betur þennan möguleika til að afla fjár frá FA til nauðsynlegra verkefna og endurbóta. Til að svo verði, þarf áætlun sem hægt er að vísa til og unnið er eftir.

Áfangar og tímaröð

Verkefnahópur UMS og ÖA hefur lagt til að ráðist verði í nýbyggingu hjúkrunarheimilis sem leysi eldri rými af hólmi og að elsti hluti bygginga í Austurbyggð 17 verði rifinn og þar byggð ný þjónustumiðstöð (leið 1) sem taki mið af þeirri starfsemi sem nú er og er að þróast. Nánari útfærsla og tillögur að tímaramma eru unnar á grundvelli umræðu og niðurstöðum verkefnahópsins.

- 1. Júlí/ágúst 2018.** Akureyrarkaupstaður tilkynni eða sækir um til Velferðarráðuneytisins, um vilja sinn og áform um að byggja nýtt hjúkrunarheimili (ný Lögmanshlíð) fyrir allt að 45-50 einstaklinga. Jafnframt verði tekið fram að þessi áform séu hluti af langtímaáætlun og endurbótum á núverandi húsnæði sem nýtt er sem hjúkrunarrými innan ÖA og uppfyllir ekki núgildandi viðmið um aðbúnað.
 - a. Akureyrarkaupstaður óski viðræðna um að framkvæmdin verði eftir svokallaðri leiguleið, líkt og var með Lögmanshlíð. Mat á hagkvæmni þess leiguleiðar er hluti af slíkum viðræðum.
 - b. Miðað verði við að undirbúningur (þarfagreining og hönnun) hefjist haustið 2018 og nýtt hjúkrunarheimili tekið í notkun haustið 2021. Unnið verði út frá hönnun Lögmanshlíðar.
- 2. Á árinu 2019 og 2020** verði unnið að þarfagreiningu og hönnun á nýrri þjónustumiðstöð fyrir dagdvöl-/dagþjálfun. Miðað verði við að þar séu rými fyrir 63-100 einstaklinga í dagdvöl og starfsstöð fyrir samþætta heimaþjónustu við eldra fólk.
 - a. Þarfagreining og hönnun – unnin 2019-2020.
 - i. Niðurrif eldri bygginga í Austurbyggð og nýframkvæmdir á árunum 2021 – 2022, sem taka mið af að ný þjónustumiðstöð verði tekin í notkun 2022 - 2023.

Drög - Minnisblað til bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar

- ii. Endurbætur í Víði- og Furuhlíð á grundvelli nýrrar áætlunar og þarfagreiningar
3. Framkvæmdastjóra ÖA og sviðsstjóra UMS verði heimilað og falið að leggja fram umsókn/ir í **Framkvæmdasjóð aldraðra** vegna þeirra viðhalds og endurbótaverkefna sem ráðast þarf í og reifuð eru í tillögum að fjárhagsáætlun og 10 ára áætlun ÖA. Umsóknarfrestur FA fyrir árið 2018 liggur ekki fyrir, en var árið 2017 í júlí það ár og því er að vænta nýrrar auglýsingar um styrki vegna verkefna á árinu 2019.

Samantekt

Þörf til endurbóta og áætlanagerðar í húsnæðismálum ÖA er staðfest með eldri og nýrri úttektum og mannfjöldaspám. Nokkrir möguleikar eru í stöðunni og tilefni er til að nýta þau tækifæri sem eru núna í tengslum við áform stjórnvalda, til að fylgja eftir nýsköpunar- og þróunarverkefnum í þjónustunni og ráðast í nauðsynlegar endurbætur og nýbyggingar húsnæðis. Þannig verði lagður grunnur að nýsköpun, þróun og uppbyggingu í málefnum aldraðra sem horfi til næstu 17 ára og um leið að sem minnst röskun verði á aðstæðum og högum þeirra sem nýta úrræði og búa á ÖA.

Unnið í júlí 2018

Halldór S. Guðmundsson
framkvæmdastjóri ÖA